

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, sem verkkaupar og Sæferðir ehf., kt. 521199-2459, Smiðjustíg 3, 340 Stykkishólmi sem rekstaraðili, gera með sér svohljóðandi

## Samningur um flóasiglingar

### 1. gr.

#### Samningsverkið

Verkefni þetta felst í beinum siglingum ferju á milli Reykjavíkur og Akraness, sjá nánar gr. 2 í útboðs- og verklýsingu og þjónustulýsingu rekstaraðila.

Verk þetta skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

1. *Útboðs- og verklýsingur nr. 13875, Flóasiglingar*, dags. 1. mars 2017.
2. *Tilboði Sæferða ehf.*, sem inniheldur tilboðsblað og þjónustulýsingu, dags. 28. mars 2017.
3. *Tölvupóstur Sæferða ehf.* til innkaupadeildar, dags. 6. apríl 2017, varðandi staðfestingu á gildi tilboðs.
4. *Tölvupóstur innkaupadeildar til Sæferða*, dags. 6. apríl 2017, varðandi staðfestingu á gildi tilboðs.
5. *Tölvupóstur innkaupadeildar til Sæferða ehf.*, dags. 12. apríl 2017, varðandi samþykkt Innkauparáðs Reykjavíkurborgar á tilboði.

og eru nefnd gögn hluti af samningi þessum.

### 2. gr.

#### Samningstími

Rekstraraðili mun hefja siglingar milli Reykjavíkur og Akraness í júní 2017 og sigla óslitið í sex mánuði í samræmi við þjónustulýsingu rekstaraðila og gr. 1.2.1 í útboðs- og verklýsingu.

### 3. gr.

#### Greiðslur og greiðslufyrirkomulag

Reykjavíkurborg mun greiða rekstaraðila fyrir framangreint verk samkvæmt tilboði hans á **mánaðargrundvelli kr. 2.450.000,- með virðisaukaskatti**, (tvær milljónir fjögurhundruð og fimmtíu þúsund).

Akraneskaupstaður mun greiða rekstaraðila fyrir framangreint verk samkvæmt tilboði hans á **mánaðargrundvelli kr. 2.450.000,- með virðisaukaskatti**, (tvær milljónir fjögurhundruð og fimmtíu þúsund).

Rekstraraðili skal gera reikning fyrir verkið í samræmi við gr. 1.2.4 í útboðs- og verklýsingu.

### 4. gr.

#### Vanefndir og uppsögn

Rekstraraðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án fyrirvara, með vísan í gr. 1.2.6 í útboðs- og verklýsingu.

**5. gr.**  
**Ýmis ákvæði.**

Samningur þessi er tvær blaðsíður og er gerður í þremur samhljóða frumritum, og heldur hver samningsaðila einu eintaki. Fylgiskjöl með samningnum, sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. gr. samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Reykjavík, 15 júní 2017

**Verkkaupar:**

  
F.h. Reykjavíkurborgar

  
F.h. Akraneskaupstaðar

**Rekstaraðili:**

  
F.h. Sæferða ehf.

**Vitundarvottar:**

